

Siða- reglur

Með gildi okkar og
heilindi að leiðarljósi



Bréf forstjóra



Velgengni Marel í gegnum árin grundvallast á dugnaði og áherslu á heiðarleika og heilindi í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Viðskiptaumhverfi nútímans er flókið og margt hefur breyst á undanförunum árum en eitt breytist ekki og það er óbilandi trú okkar á að það sé undir hverju okkar komið, sem liðsheild, að viðhalda góðu orðspori okkar með því að bera hvert og eitt ábyrgð á framferði okkar.

Til að geta staðið undir þeirri siðferðislegu ábyrgð sem við krefjumst af okkur þurfum við að vera meðvituð um skuldbindingar okkar gagnvart hvert öðru, viðskiptavinum okkar, samstarfsfélögum og samfélaginu þar sem við lifum og störfum.

Því vil ég nýta tækifærið og benda ykkur á siðareglurnar okkar sem voru nýlega endurskoðaðar. Í siðareglunum má finna upplýsingar um faglega ábyrgð okkar, sem felur meðal annars í sér að fylgja lögum og nota góða dómgreind á hverjum degi.

Að sjálfsögðu geta siðareglurnar ekki veitt svör við öllum spurningum eða tilgreint allar mögulega aðstæður. Þess vegna erum við með úrræði þar sem hægt er að fá svör við spurningum og fá aðstoð þegar vandamál koma upp. Ef þú ert ekki viss um hvað skal gera í tilteknum aðstæðum eða hefur áhyggjur af því að brotið sé gegn siðareglunum, stefnu okkar eða reglum, ber þér skylda til að láta vita. Til að hægt sé að leysa vandamál þarf fyrst að bera kennsl á það. Þetta er einfalt: ef þú ert með spurningu eða telur að brot hafi átt sér stað skaltu láta vita.

Ég hef mikla trú á heilindum starfsfólksins okkar. Ég er þess fullviss að vilji okkar til að hlíta og fylgja siðareglum og öðrum reglum muni hafa góð áhrif strax í dag auk þess að stuðla að langvarandi velgengni okkar ágæta fyrirtækis. Með því að vinna saman og hafa siðareglurnar til hliðsjónar er öruggt að við náum markmiðum okkar með hætti sem við getum verið stolt af.

Takk fyrir.

Með kveðju,
Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel

Efnisyfirlit 29

4 — Siðareglur okkar

- 5 Hvað þýða þær og hvernig eigum við að beita þeim?
- 7 Gildin okkar – skilgreina eðli fyrirtækisins
- 9 Uppljóstrun – að bregðast alltaf við áhyggjum

10 — Skuldbinding okkar við fyrirtækið og hvert annað

- 11 Við fögnum fjölbreytileikanum, veitum öllum jöfn tækifæri og sýnum hvert öðru virðingu
- 13 Við bjóðum upp á öruggt og heilnæmt starfsumhverfi
- 16 Við sköpum vettvang fyrir opin og regluleg samskipti
- 17 Við notum samfélagsmiðla á ábyrgan hátt
- 18 Við tölum fyrir hönd Marel

19 — Skuldbinding okkar við viðskiptavinum og markað

- 20 Við stundum sanngjarna viðskiptahætti
- 22 Við bjóðum góðar, öruggar og áreiðanlegar vörur
- 24 Við stöndum við fyrirheit okkar við viðskiptavinina
- 24 Við eflum tengsl við viðskiptafélagana
- 26 Við fylgjum samkeppnisreglum og reglum gegn einokun og hringamyndun

Skuldbinding okkar við hluthafa

- 30 Við fylgjum gildandi lögum starfslanda okkar
- 30 Við höldum nákvæmt og ítarlegt bókhald
- 32 Við forðumst hagsmunaárekstra
- 34 Við förum að reglum um innherjaviðskipti
- 36 Við stöndum vörð um hugverkarétt og trúnaðarupplýsingar fyrirtækisins
- 37 Við notum upplýsingatækni og önnur tilföng á ábyrgan hátt
- 39 Netöryggi

41 — Skuldbinding okkar við samstarfsaðila, samfélagið og umhverfið


- 42 Við fylgjum reglum gegn mútum og spillingu
- 44 Við framfylgjum viðskiptalögum og refsiaðgerðum (innflutningur/útflutningur)
- 46 Við vinnum að því að fyrirbyggja peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- 47 Við virðum hugverk, trúnaðarupplýsingar og friðhelgi einkalífs
- 48 Félagsleg ábyrgð fyrirtækisins

51 Leiðir til að tilkynna um áhyggjuefni – uppljóstrun

52 Samþykki og breytingar

52 Helstu tengiliðir

Þessi efnissíða er gagnvirk. Með því að smella á textareitinn kemstu beint í viðkomandi efni. Þú getur hoppað aftur í efnisyfirlitið af hvaða síðu sem er með því að smella á textareitinn efst til hægri.



Siðareglur okkar

Framtíðarsýn Marel byggir á þeirri sterku trú að við getum skapað hagræn verðmæti og um leið haft jákvæð félagsleg áhrif: í samstarfi við viðskiptavinum okkar umbreytum við því hvernig matvæli eru unnin. Framtíðarsýn okkar snýst um heim þar sem gæðamatvæli eru framleidd á sjálfbæran og hagkvæman hátt.

Þessi framtíðarsýn endurspeglar í viðskiptamódeli okkar sem byggir á samheldni, þekkingu og hæfileikum starfsfólks okkar og er knúð áfram af nýsköpun, sókn á markað og framúrskarandi rekstrarhæfileikum.

Tilgangur þessara reglna er að styðja þá framtíðarsýn. Þær endurspeglar hvers konar fyrirtæki við erum og til hvers við ætlumst hvert af öðru og af samstarfsaðilum okkar. Þær eru siðferðilegt og hagnýtt kort til að leiðbeina okkur.

Þær skapa engin lagaleg réttindi fyrir neina viðskiptavinum, viðskiptafélaga, keppinauta, hluthafa eða nokkra aðra þriðju aðila.


Hvað þýða þær og hvernig eigum við að beita þeim?

Siðareglur okkar eru til leiðbeiningar um hvernig skuli vinna og bregðast við í samræmi við markmið okkar, gildi og ströngustu staðla um heilindi. Siðareglurnar hjálpa okkur einnig að fara að lögum og stefnum og siðareglum Marel.

Siðareglur okkar gilda um alla meðlimi í alþjóðlegri fjölskyldu okkar, þar með talið ráðgjafa, birgja, seljendur, verktaka og aðra viðskiptafélaga. Líta má á viðskiptafélaga sem fulltrúa Marel og ætlast er til að þeir fylgi siðareglum okkar, sem og hvers kyns gildandi samningsákvæðum, þegar þeir starfa fyrir okkar hönd. Ef þú ert einn af viðskiptafélögum okkar hvetjum við þig til að kynna þér siðareglurnar og samningsbundnar skyldur þínar til að framfylgja þeim að fullu.

Ef þú stjórnar viðskiptafélögum okkar berð þú ábyrgð á að koma stöðlum okkar á framfæri og tryggja skilning á þeim. Ef viðskiptafélagi uppfyllir ekki væntingar okkar um siðareglur og samræmi eða tengdar samningsskuldbindingar þeirra, getur það leitt til riftunar á samningi.

Þó að við tileinkum okkur fjölbreytileika og virðum menningarlegan mun, verðum við að fylgja siðareglunum ef staðbundin siður eða viðskiptahættir brjóta gegn siðareglum okkar. Ef eitthvað sem er leyft eða krafist samkvæmt reglum okkar brýtur í bága við staðbundin lög, verðum við að fylgja staðbundnum lögum.



Í þeim sjaldgæfu kringumstæðum þar sem svo virðist sem reglurnar stangist á við staðbundin lög skaltu hafa samband við **lögfræðiteymið** eða **regluvörð** til að fá leiðbeiningar.

Í þessum anda er stjórnendum á hverjum stað fyrir sig frjálst að tilgreina frekari staðbundnar reglur um viðskiptahætti. Vinsamlegast lestu einnig staðbundar **starfsmannahandbækur** Marel, sem veita þér góða yfirsýn yfir staðbundnar reglur og stefnur.

Hvað þýða þær og hvernig eigum við að beita þeim?

Sýnir það fólkinu okkar, hluthöfum, viðskiptavinum og samstarfsaðilum virðingu?

Samræmist það stefnum okkar?

Er það löglegt?

Endurspeglar það gildi og siðareglur Marel?

Ef þú stendur einhvern tíma frammi fyrir siðferðilegum vanda og veist ekki hvað þú eigir að gera skaltu spyrja þig þessara spurninga:

Ef svarið við einhverjum þeirra er „nei“ **skaltu ekki gera það**. Ef þú ert enn ekki viss skaltu leita frekari aðstoðar hjá regluverði (compliance.officer@marel.com).

Ef þú ert ekki viss um hvort athöfn samræmist siðareglum okkar skaltu reyna að ræða það við einhvern – það gæti verið yfirmaður þinn, traustur samstarfsmaður eða einhver úr mannauðsdeild. Við viljum **heyra frá þér** ef ekki er brugðist við áhyggjum þínum.

Marel trúir á að ræða ábyrga framkomu á óformlegan hátt með áherslu á úrbætur. Engu að síður geta brot á þeim kröfum sem settar eru fram í siðareglum okkar leitt til innri viðurlaga og í alvarlegum tilvikum brottvísunar eða jafnvel sakamáls.





Gildin okkar – skilgreina eðli fyrirtækisins

Persónuleg gildi okkar endurspegla hver við erum og það sem við stöndum fyrir. Á sama hátt eru gildi Marel sameiginleg gildi og staðlar sem við leitumst öll við að fylgja og sem hvetja okkur til dáða. Sameiginleg gildi binda okkur saman og endurspegla hvernig við viljum haga okkur og hvers vegna. Þau gefa okkur stefnu og bjóða lausnir þegar við stöndum frammi fyrir mótlæti.

Þegar allir hjá Marel skuldbinda sig við þessi gildi og staðla munum við öðlast og halda trausti viðskiptavina okkar, hluthafa, fjárfesta, samfélaga og viðskiptafélaga.

Gildi okkar – skilgreina eðli fyrirtækisins



Samstaða

Fjölbreytt fólk sem
vinnur saman að
markmiðum
Við stöndum saman
að velgengni okkar



Yfirburðir

Samhent teymi sem
skilar árangri sem hægt
er að treysta
Við skörum fram úr.



Nýsköpun

Kraftmikið fólk sem
sýnir metnað
Nýsköpun knýr
verðmætin sem
við sköpum

Uppljóstrun – að bregðast alltaf við ef áhyggjur vakna

Sérhver dagur er tækifæri til að skara fram úr en við getum aðeins gert það ef allir hafa tækifæri til að tala um það sem betur má fara og tjá sig um hugsanleg áhyggjuefni. Við verðum öll að bera ábyrgð á gildunum okkar og þið eruð hvött til að tala um allar áhyggjur sem þið hafið.

Ef þú tekur eftir hegðun sem er ólögleg eða brýtur í bága við meginreglur þessara siðareglna skaltu tilkynna áhyggjur þínar til næsta yfirmanns. Ef þú átt erfitt með að tilkynna næsta yfirmanni þínum, þá er hægt að beina áhyggjum þínum til mannauðs eða beint til **regluvarðar**. Þú getur einnig haft samband við innri endurskoðanda Marel (tengilið er að finna á lokasíðu siðareglnanna) eða notað **uppljóstrunarvettvang** Marel.

Engum sem sendir inn tilkynningu í góðri trú verður refsað fyrir að stíga fram. Marel mun ávallt vernda nafnleynd þína eins mikið og hægt er samkvæmt lögum. Í alvarlegum málum getur verið nauðsynlegt að birta þær staðhæfingar sem þú setur fram og því er yfirleitt betra að eiga munnlegar samræður áður en þú skrifar nokkuð niður.

Nánari upplýsingar um uppljóstranir hjá Marel er að finna í hlutanum **Leiðir til að tilkynna um áhyggjuefni – uppljóstrun**.






Skuldbinding okkar við fyrirtækið og hvert annað

Virðing, öryggi og opin samskipti eru lífsnauðsynleg til að viðhalda virku, fjölbreyttu og afkastamiklu vinnuafli. Með því að beita gildum okkar um samstöðu, nýsköpun og yfirburði í öllu sem við gerum getum við sýnt fram á þessa skuldbindingu.

Samstaða

Við fögnum fjölbreytileikanum og bjóðum alla velkomna, óháð kyni, þjóðerni, aldri, líkamlegri getu eða öðrum slíkum þáttum fjölbreytileikans. Til að sameinast í velgengni okkar er nauðsynlegt að allir starfsmenn okkar upplifi að tekið sé tillit til þeirra og að framlag þeirra sé metið.



Nýsköpun

Við gerum okkur grein fyrir því að fjölbreytileiki er drifkraftur nýsköpunar og þátttaka allra tryggir að við nýtum möguleika okkar til fulls og framlag allra starfsmanna.

Yfirburðir

Fjölbreytni og inngilding meðal starfsfólks skapar hágæðateymi sem taka betri ákvarðanir, skila hágæðavörum og þjónustu til viðskiptavina okkar og raungera sýn okkar um veröld þar sem gæðamatúr er framleiddur á sjálfbærar og hagkvæman hátt.



Við fögnum fjölbreytileikanum, veitum öllum jöfn tækifæri og sýnum hvert öðru virðingu

Gildin okkar

Marel færir saman einstaklinga úr öllum heimshornum með fjölbreyttan bakgrunn, færni og menningu. Með sameiningu á slíkri auðlegð hæfileika og fjármagns verður til „eitt Marel“ – hið fjölbreytta og kraftmikla teymi sem stöðugt knýr árangur okkar áfram.

Gildin okkar í verki

Vinnufélagar okkar, viðskiptavinir, hagsmunaaðilar og viðskiptafélagar eiga rétt á virðingu og ættu að vera metnir án tillits til hugsanlegs mismunar. Við höldum á lofti lögum sem banna mismunun og tökum ráðningartengdar ákvarðanir (svo sem ráðningar, bætur og fríðindi, aðgang að þjálfun, stöðuhækkun, uppsögn eða starfslok) sem byggjast á getu einstaklings.

Stefna okkar er einnig að láta ekki hótanir, ógnanir, áreitni, líkamsárásir og ofbeldisverk viðgangast. Slík hegðun er óásættanleg og verður ekki liðin.

Við fögnum fjölbreytileikanum, veitum öllum jöfn tækifæri og sýnum hvert öðru virðingu

Hvað ef?

"Einn af vinnufélögum mínum sendir tölvupósta með bröndurum og niðrandi athugasemdum um konur. Mér finnst þeir óþægilegir, en enginn annar hefur sagt neitt um þetta. Hvað ætti ég að gera?"

→ Láttu yfirmann þinn eða einhvern í mannauðsdeild vita. Sending á slíkum bröndurum, hvort sem þeir fjalla um konur, fólk af ólíku þjóðerni eða minnihlutahópum, brýtur í bága við gildi okkar sem og staðla um fjölbreytileika, áreitni og mismunun og stefnu okkar um notkun á tölvupósti. Með því að gera ekki neitt umberð þú mismunun og skoðanir sem rýra alvarlega það teymisumhverfi sem við viljum skapa. Það skapar eitrað vinnuumhverfi og hefur neikvæð áhrif á líðan og andlega heilsu annarra.



Við bjóðum upp á öruggt og heilnæmt starfsumhverfi

Gildin okkar: Yfirburðir

Að viðhalda öruggu og heilbrigðu vinnuumhverfi er óaðskiljanlegur hluti alls sem við gerum, svo við erum staðráðin í að skapa öruggan, heilbrigðan og meiðslalausan vinnustað og auka lífsgæði og vellíðan starfsmanna okkar.

Gildin okkar í verki

Heilsu-, öryggis- og umhverfisstaðlar og leiðbeiningar okkar eru hannaðir til að koma í veg fyrir skaðleg umhverfisáhrif, stjórna áhættu og stuðla að heilsu og vellíðan. Markmið okkar er að vinna í umhverfi sem er hreint, öruggt og heilsusamlegt og við gerum nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla markmið okkar um skaðleysi.



Hvað er skaðleysi?

Markmið fyrirtækisins er að skapa öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk okkar og öruggar og heilsusamlegar vörur fyrir viðskiptavinum okkar.

Við stefnum stöðugt að því að engin meiðsli eða veikindi komi upp og engin umhverfistengd atvik eða atvik sem tengjast viðskiptavinum.

Við bjóðum upp á öruggt og heilnæmt starfsumhverfi

Við hvetjum alla til að tjá sig ef þeir verða varir við vandamál eða verða vitni að slysi eða atviki þar sem liggur við slysi, hvort sem það er hjá Marel, viðskiptavini eða viðskiptafélaga. Þér er óhætt að vekja athygli á málinu við yfirmann þinn, mannauðsdeildina, deild öryggis og hollustuhátta og/eða við stjórnendur á staðnum án þess að óttast refsingu.

Ef þú þarft viðbótarúrræði til að fá hjálp skaltu hafa samband við yfirmann þinn, staðbundna vinnuverndarstofnun eða alþjóðlegan stjórnanda heilsu og öryggis á vinnustað.

Skaðleysi

 **Frekari upplýsingar** Alþjóðleg heilsu-,
öryggis- og umhverfisstefna

Vegferð okkar til skaðleysis felur í sér:

- Að veita starfsmönnum okkar stöðuga endurmenntun, þar með talið reglulega öryggis- og heilsuþjálfun og upplýsingar.
- Að tryggja að neyðarútgangar séu greinilega merktir, upplýstir og hindrunarlausir.
- Að gera rýmingaræfingar og prófa brunaboða reglulega.
- Að veita aðgang að hreinu salerni, drykkjarhæfu vatni og matvælagæmslum í allri aðstöðu okkar.
- Að tryggja að vistarverur, þar sem þær eru til staðar, séu hreinar og öruggar og uppfylli grunnþarfir starfsmanna.

Skilaðu alltaf þínu

- Gerðu miklar kröfur til þín um heilsu, öryggi og umhverfisvernd og væntu þess sama af öðrum.
- Gakktu úr skugga um að þú skiljir og fái nýjustu uppfærslur á heilsu- og öryggiskröfum hlutverks þíns og leitaðu aðstoðar ef þörf krefur.
- Hættu vinnu ef þú telur að hún sé óörugg annaðhvort fyrir þig eða aðra.
- Gríptu inn í og talaðu við yfirmann þinn ef þú hefur áhyggjur af því að aðgerð eða ákvörðun gæti leitt til þess að við uppfylfum ekki stefnu okkar, staðla og kröfur.

Við bjóðum upp á öruggt og heilnæmt starfsumhverfi

„Hvað ef birgir utan starfsstöðvar fremur brot á stöðlum okkar?

Er gert ráð fyrir að birgjar fylgi sömu heilsu-, öryggis- og öryggisstefnu og verklagsreglum og starfsmenn, jafnvel þegar þeir vinna utan starfsstöðvar?”

→ Svo sannarlega. Stjórnendur bera ábyrgð á að koma stöðlum okkar á framfæri við birgja og aðra viðskiptafélaga og tryggja skilning á þeim. Ef birgir utan starfsstöðvar uppfyllir ekki kröfur okkar um heilsu og öryggi getur það leitt til riftunar á samningi við hann.

„Hvað á ég að gera ef ég tel að minn þáttur í starfseminni brjóti í bága við innlenda umhverfislöggjöf?”

→ Ræddu áhyggjur þínar við yfirmann þinn. Þú getur einnig fengið stuðning frá staðbundnum eða alþjóðlegum stjórnanda heilsu og öryggis á vinnustað eða mannauðsdeild.

Hvað ef?

„Vinnuálag mitt veldur mér streitu. Hvar getur ég fengið hjálp?”

„Mig grunar að öryggisráðstöfunum sé ekki fylgt á mínu svæði. Hvað ætti ég að gera?”

→ Aldrei má víkja frá öryggisráðstöfunum. Þú ættir að byrja á því að tala við yfirmann þinn. Ef þér finnst þú ekki geta talað við yfirmanninn skaltu tala við næsta stjórnunarstig, alþjóðlegan stjórnanda heilsu og öryggis á vinnustað eða mannauðsdeild.

→ Ræddu áhyggjur þínar við yfirmann þinn. Þú getur einnig fengið stuðning hjá vinnuverndarstofnun á staðnum eða mannauðsdeild.

Samstaða

Sambönd okkar byggjast á trausti og heilindum.



Við sköpum vettvang fyrir opin og regluleg samskipti

Gildin okkar: Samstaða

Opin og virðingarfull samskipti hjálpa við að auka teymisvinnu, dreifa þekkingu og skapa uppbyggilegt andrúmsloft.

Gildin okkar í verki

Við hvetjum starfsfólk okkar til að deila skoðunum sínum á virkan hátt og eiga opinská samskipti sín á milli á þann hátt sem stuðlar að heiðarleika, en virðir einnig rétt hvers annars til friðhelgi einkalífs.

Þar sem traust er forsenda samskipta deilum við sigrum og sendum uppbyggjandi gagnrýni í trúnaði.

Við viðurkennum einnig að regluleg og gagnkvæm samskipti milli stjórnenda og teyma þeirra eru lykillinn að velgengni fyrirtækja. Starfsmenn eiga rétt á mati á frammistöðu sinni, til að fylgjast með framgangi þeirra og, þar sem við á, gera áætlanir um frekari uppbyggingu.



Við notum samfélagsmiðla á ábyrgan hátt

Gildin okkar: Yfirburðir

Við vinnum að því að stuðla að heiðarlegum og ósviknum samskiptum á netinu á sama tíma og við gerum það ljóst að skoðanir okkar séu okkar eigin – ekki skoðanir Marel. Að gera það hjálpar til við að vernda fyrirtækið og hvert annað.

Gildin okkar í verki

Farðu varlega þegar þú átt samskipti sem gætu verið birt á netinu. Ef þú tekur þátt í umræðuhópum á internetinu, bloggum, samfélagsmiðlum eða öðrum rafrænum samskiptum, jafnvel undir dulnefni, skaltu aldrei gefa það í skyn að þú sért að tala fyrir hönd Marel.

Ef þú telur að rangar fullyrðingar um fyrirtæki okkar hafi verið birtar skaltu ekki birta eða deila óopinberum upplýsingum, jafnvel þótt ætlun þín sé að „leiðrétta misskilning“. Athugasemd þín gæti verið mistúlkuð, komið röngum sögusögnum á kreik eða verið ónákvæm eða villandi eða gæti jafnvel haft áhrif á verð á hlutabréfum okkar. Það væri skaðlegt fyrir hluthafa okkar og gæti brotið þau ströngu lög sem gilda um hvernig upplýsingar eru birtar frá fyrirtækjum í opinberum viðskiptum.

Þess í stað skaltu hafa samband við Alþjóðleg samskipti .

Við tölum fyrir hönd Marel

Gildin okkar: Yfirburðir

Við vitum að allt sem við segjum um Marel getur haft áhrif á fyrirtæki okkar. Við leitumst við að senda ein skýr skilaboð sem hjálpa við að vernda orðspor okkar, vinnufélaga og vörumerki.

Gildin okkar í verki

Við verðum að hafa samræmda rödd þegar við birtum eða veitum almenningi upplýsingar. Af þessum sökum er mikilvægt að aðeins viðurkenndir aðilar tali fyrir hönd Marel. Samskiptum við fjárfesta, hlutabréfagreinendur og aðra úr fjármálasamfélaginu ætti að vísa til framkvæmdastjóra fjárfestatengsla okkar. Samskiptum við fjölmiðla skal vísað til **Alþjóðlegra samskipta**.

Þar að auki skaltu forðast:

- Að halda opinberar ræður, skrifa greinar í fagtímarit eða önnur opinber samskipti sem tengjast Marel án viðeigandi samþykkis stjórnenda.
- Að nota titil þinn eða tengsl utan vinnu þinnar fyrir Marel án þess að ljóst sé að notkunin sé eingöngu til auðkenningar.
- Boð um að tala „í trúnaði“ við blaðamenn eða greiningaraðila sem biðja þig um upplýsingar um Marel eða viðskiptavini þess eða viðskiptafélaga.



Marel ber skylda til að standa við skuldbindingar sínar um tímanlega birtingu réttmætra gagna sem lýsa viðskiptum okkar og fjárhagslegri afkomu og öðrum opinberum samskiptum.





Skuldbinding okkar við viðskiptavini og markað

Árangur okkar er knúinn áfram af skuldbindingu okkar við viðskiptavini og áherslu á að skara fram úr. Við sýnum fram á þá skuldbindingu með því að starfa á þann hátt sem er sanngjarn og löglegur, með því að framleiða öruggar, gæðavörur og standa við loforð okkar.

Rekstur okkar byggist á samstarfi og trausti. Allir viðskiptahættir sem stangast á við siðferði eru bannaðir.



Við stundum sanngjarna viðskiptahætti

Gildin okkar

Orðspor okkar veltur ekki aðeins á því hversu vel okkur gengur fjárhagslega, heldur einnig hvernig við komum fram við fólkið sem við umgengumst daglega.

Gildin okkar í verki

Sérhver starfsmaður þarf að koma fram á sanngjarnan hátt við viðskiptavinum okkar, viðskiptafélaga, samkeppnisaðila og starfsfólk.

Enginn ætti að notfæra sér nokkurn annan með:

- Óheiðarlegri stjórnun
- Yfirhýlmingu
- Misnotkun á trúnaðarupplýsingum
- Rangfærslum á efnislegum staðreyndum

Við stundum sanngjarna viðskiptahætti

Hvað ef?

„Ég er að setja saman kynningarefni og mig langar að varpa ljósi á hugsanlegan ávinning af einni af vörum okkar. Það hefur ekki enn verið stutt af marktækum rannsóknum, en ég trúi því að það sé satt. Væri samt í lagi að hafa það með?“

→ Nei, við verndum viðskiptavini okkar (og vörumerki okkar) með því að veita alltaf nýjar og staðfestar upplýsingar. Bíddu þar til hægt er að sanna ávinninginn áður en þú notar þetta í auglýsingum.

**Yfirburðir**

Við skilum árangri sem viðskiptavinir okkar geta treyst.

Við bjóðum góðar, öruggar og áreiðanlegar vörur

Gildin okkar: Nýsköpun

Skuldbinding okkar um öryggi og gæði hefur gert okkur kleift að ávinna okkur traust viðskiptavina okkar um leið og við hjálpum þeim að ná samkeppnisforskoti í atvinnugreinum sínum.

Gildin okkar í verki

Við horfum ekki aðeins til þess að veita viðskiptavinum okkar vörur og þjónustu sem uppfylla þarfir þeirra, heldur einnig til að hanna, útvega, framleiða og selja vörur sem eru öruggar, áreiðanlegar og umhverfisvænar.

Við uppfyllum ströngustu kröfur með því að:

- Leyfa nýsköpun að knýja fram hugmyndir okkar, vörur, kerfi og samþættar lausnir.
- Fylgja matvæla- og tækjaöryggisstöðlum ESB og Bandaríkjanna.
- Prófa vörur okkar til að tryggja að aðeins þær sem eru í hæsta gæðaflokki fari á markað.
- Meta frammistöðu vara okkar allan lífsferilinn til að tryggja að þær haldi áfram að uppfylla breyttar kröfur um gæði og áreiðanleika.

Við bjóðum góðar, öruggar og áreiðanlegar vörur

"Ég held að það gæti verið vandamál með eitt af framleiðsluferlunum hjá viðskiptafélaga. Þeir eru hins vegar þegar á eftir áætlun og ef ég segi eitthvað mun rannsókn á málinu seinka þeim enn frekar. Hvað ætti ég að gera?"

→ Yfirburðir eru eitt af grunngildum Marel og gæði lausna okkar eru afar mikilvæg. Við munum aldrei fórn gæðum til að uppfylla frest eða markmið. Þú ættir að tilkynna málið strax til yfirmanns þíns. Ef þér finnst viðbrögðin ekki vera fullnægjandi geturðu fært þetta upp á næsta stig á þínum stað eða teymi eða til birgðakeðjustjórnunar. Þú getur líka talað við mannauðsdeildina (HR) eða notað uppljóstrunarsímanúmer okkar.

Hvað ef?

Samstaða

Ef þú ert viðskiptafélagi okkar skaltu muna að við væntum þess að þú fylgir anda siðareglna okkar sem og hvers kyns gildandi samningsákvæðum þegar þú vinnur fyrir okkur eða fyrir okkar hönd.

Við stöndum við fyrirheit okkar við viðskiptavinina

Gildin okkar

Við viljum að allir líti á Marel sem besta kostinn og traustan samstarfsaðila í okkar grein. Þess vegna vinnum við að því að skapa langtímasambönd sem byggja á gagnkvæmu trausti, opnu hugarfari og fjárfestingu, sem og sameiginlegri áhættu og sameiginlegum ávinningi.

Gildin okkar í verki

Til að ná árangri í viðskiptasamböndum okkar, og til að varðveita heilindi fyrirtækisins, gefum við aðeins þau loforð sem við vitum að við getum staðið við og efnum þau svo.

Þetta gerum við með því að:

- Gera ánægju viðskiptavina og langtímasamstarf að forgangsverkefni.
- Framfylgja öllum gildum okkar - **Samstöðu, nýsköpun og yfirburðum** – og ströngustu kröfum um heilindi.
- Segja frá ef við sjáum eitthvað eða grunar vaknar um eitthvað sem stríðir gegn skuldbindingum okkar.

Við eflum tengsl við viðskiptafélaga

Gildin okkar: Yfirburðir

Við skiljum að viðskiptafélagar okkar teljast of endurspegla fyrirtækið, þannig að við vinnum aðeins með þeim sem uppfylla strangar kröfur okkar.

Gildin okkar í verki

Marel leggur hlutlægt og réttlátt mat á hæfa viðskiptafélaga og starfar með þeim. Við val á viðskiptafélögum metum við getu þeirra til að fullnægja viðskipta- og tæknilegum þörfum okkar og kröfum.

Við tökum einnig ákvarðanir um kaup út frá langtímakostnaði og hag Marel. Allir samningar eru gerðir í góðri trú og skulu vera sanngjarnir og réttmætir fyrir báða aðila.

Við eflum tengsl við viðskiptafélaga

„Ég er hluti af ákvörðunarteymi fyrir nýjan viðskiptafélaga og mágur minn vinnur hjá einu af þeim fyrirtækjum sem við erum að skoða. Fyrirtæki hans er með frábæra afrekaskrá hvað varðar afhendingu á réttum tíma og allra besta verðið. Er í lagi fyrir mig að mæla með fyrirtækinu þegar ég tel það vera Marel fyrir bestu?“

Hvað ef?

→ Þú þarft að sýna gagnsæi um samband þitt. Og þó þér líði eins og þú hafir vegið alla möguleika og getir tekið hlutlæga ákvörðun, væri best fyrir þig að draga úr hagsmunaárekstrum með því að ganga úr ákvarðanatökuhópnum til að taka af allan vafa.



Við fylgjum samkeppnisreglum og reglum gegn einokun og hringamyndun

Gildin okkar

Við trúum á öfluga en sanngjarna samkeppni, þannig að við leitumst aldrei við að öðlast samkeppnisforskot með ósiðlegum viðskiptaháttum. Þess í stað náum við markaðsstöðu okkar með framúrskarandi gæðum á vörum okkar, þjónustu og fólki.

Gildin okkar í verki

Aðgerðir okkar verða alltaf að vera í samræmi við öll gildandi samkeppnislög og reglur gegn einokun og hringamyndun.

Nýsköpun

Nýsköpun, ekki ósanngjarnir viðskiptahættir, er lykillinn að þeim verðmætum sem við sköpum.

Við fylgjum samkeppnisreglum og reglum gegn einokun og hringamyndun



Samkeppnishamlandi hegðun getur komið fram í mörgum myndum, þar með talið:

- Formlegu eða skriflegu samkomulagi
- Munnlegu samkomulagi
- Óformlegu samkomulagi

Reglum gegn einokun og hringamyndun

Reglur gegn einokun og hringamyndun eru flóknar og kröfur um fylgni geta verið mismunandi eftir aðstæðum, en almennt felur óleyfileg hegðun í sér, en takmarkast ekki við:

- Samráð – þegar fyrirtæki eiga í leynilegum samskiptum eða koma sér saman um hvernig þau munu keppa. Þetta gæti falið í sér samninga eða upplýsingaskipti um verðlagningu, kjör, laun eða úthlutanir á mörkuðum.
- Svik við útboð – þegar keppinautar eða þjónustuaðilar hagræða tilboðum þannig að sanngjörn samkeppni sé takmörkuð. Þetta getur falið í sér samanburð á tilboðum, samþykkt um að forðast að bjóða í eða leggja fram ósamkeppnishæf tilboð.
- Binding – þegar fyrirtæki með markaðsstyrk neyðir viðskiptavinum til að samþykkja þjónustu eða vörur sem þeir vilja hvorki né þurfa.

- Árásarverðlagning – þegar fyrirtæki með markaðsstyrk selur þjónustu undir kostnaðarverði til að útrýma eða skaða keppinaut, í þeim tilgangi að endurheimta tekjutapið síðar með því að hækka verð þegar keppinautnum hefur verið útrýmt eða hann skaðaður.

Á heildina litið munum við aldrei:

- Vinna með samkeppnisaðilum eða öðrum til að taka þátt í samkeppnishamlandi hegðun, þar með talið að setja verð eða skipta upp viðskiptavinum, viðskiptafélögum eða mörkuðum.
- Taka þátt í samtölum við samkeppnisaðila um samkeppnisviðkvæmar upplýsingar.

Ef þú sérð eða grunar samkeppnishamlandi hegðun skaltu tilkynna það tafarlaust til **regluvarðar**. Mundu að í alvarlegum málum getur allt sem þú skrifar verið gert aðgengilegt lögfræðingum annarra aðila, stjórnvalda eða eftirlitsaðila svo hugsanlega er best að ræða málið munnlega.

Andstæðingar samkeppnishamlandi hegðunar geta gefið tilefni til stórra sekta fyrir fyrirtækið og í sumum tilfellum getur það talist glæpsamlegt. Við þurfum að vita strax um slíkt athæfi.

Við fylgjum samkeppnisreglum og reglum gegn einokun og hringamyndun

Hvað ef?

„Á nýlegri ráðstefnu hóf samkeppnisaðili að deila trúnaðarupplýsingum um verð með mér. Ég sagði viðkomandi að það væri óviðeigandi og lauk samtalinu skyndilega. Var það rétt ákvörðun?“

→ Já, þú tókst rétta ákvörðun. Jafnvel þótt aðeins einn aðili á fundi afhjúpi verðlagningu eða viðskiptalega viðkvæmar upplýsingar getur það talist samkeppnishamlandi hegðun. Í þessum aðstæðum ættirðu líka strax að hafa strax samband við **Regluvörð**. Það gæti þurft að deila öllu sem þú skrifarmeð þriðju aðilum eða eftirlitsaðilum svo það er betra að hafa fyrstu skýrsluna þína munnlega. Um leið og við fáum slíkar upplýsingar virðum við reglur gegn einokun og hringamyndun og undirstrikum að við væntum þess að aðrir geri slíkt hið sama. Við verðum að grípa til viðeigandi aðgerða sem gætu falið í sér að senda bréf til samkeppnisaðila.



Skuldbinding okkar við hluthafa


Hluthafar okkar treysta okkur til að veita skýra og nákvæma fjárhagsskýrslu. Við getum aðeins gert það þegar við skuldbindum okkur til gagnsæis og nákvæmni á öllu frá minnsta kostnaði til stærstu sölu.

Þeir treysta okkur líka til að vernda allar eignir fyrirtækjanna. Þetta gæti verið eins einfalt og að sjá um vinnufarsíma þinn, eða eins flókið og að tryggja algjöra leynd varðandi nýjustu frumgerðir okkar.



Yfirburðir

Viðskiptavinir okkar treysta á okkur – svo við vinnum að því að vera eins vel og við hvern einasta dag.



Við fylgjum gildandi lögum

Gildin okkar: Yfirburðir

Við kunnum að meta þau tækifæri sem við höfum til að vinna á ýmsum stöðum og lögsagnarumdæmum og við verjum þau forréttindi með því að virða viðmið viðskiptavina okkar, viðskiptafélaga og samstarfsfólks um allan heim.

Gildin okkar í verki

Við rekstur á fyrirtæki Marel skaltu gera það í samræmi við öll gildandi lög, reglur, reglugerðir og stjórnsýsluvenjur þeirra landa og samfélaga þar sem við störfum.

